

Kaupfélag Borgfirðinga svf.



Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðenda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Sjóðstreymi	9
Skýringar og sundurliðanir	10 - 18

Kaupfélag Borgfirðinga svf.
Egilsholt 1
310 Borgarnes
kt. 680169-6679

Skýrsla og áritun stjórnenda

Meginstarfsemi félagsins

Félagssvæði Kaupfélags Borgfirðinga nær yfir Vesturland, frá Hvalfjarðarbotni í suðri að Kjálkafirði í vestri. Félagsmenn eru 1.744 í 16 félagsdeildum. Kjósa þeir 63 fulltrúa á aðalfund félagsins og fara þeir með atkvæðisrétt á honum. Allir félagsmenn hafa rétt til setu á fulltrúafundum með málfrelsi og tillögurétt.

Megin markmið félagsins er „að annast hvers konar viðskipti og þjónustu fyrir féлага og aðra“ sem og “að efla atvinnu-og menningarlíf í héraðinu með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins” eins og segir í 2. grein samþykktu þess.

Félagið rekur nú tvær verslunareiningar. Annars vegar búrekstrardeild sem sérhæfir sig í þjónustu við bændur og hins vegar matsöluastaðinn Food Station, sem opnaður var 24. september 2019. Þá er það þátttakandi á smásöluverkaði í samstarfi við önnur samvinnufélög sem hluthafi í Samkaupum hf. Auk þessarar meginstarfsemi þá á félagið fasteignir í útleigu á félagssvæðinu í eigin nafni og sem eini hlutafjareigandi í fasteignafélaginu Borgarlandi ehf. Þá á félagið minni eignarhluti í nokkrum fyrirtækjum.

Starfsemi á árinu

Stjórnin hélt 10 stjórnarfundum á milli aðalfunda, þar sem fjallað var um starfsemi félagsins.

Hagnaður af reglulegri starfsemi félagsins á árinu 2019 var kr. 8.193.313.- að teknu tilliti til afkomu hlutdeildarfélags. Afkoma verslunar félagsins var heldur lakar en árið á undan. Rekstur fasteigna sem eru til útleigu gekk vel og hafa leigutakar verið skilvísir.

Eigið fé félagsins í árslok var kr. 384.292.815.-

Tólf fastir starfsmenn eru hjá félaginu, auk lausráðins afleysingarfólks. Laun og launatengdar greiðslur til þeirra og stjórnar félagsins námu 90.5 milljónum króna.

Það er álit stjórnar Kaupfélags Borgfirðinga að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Atburðir eftir lok reikningsárs

COVID-19 faraldurinn, sem nú er vonandi að mestu genginn yfir hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim. Talsverð óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins, m.a. vegna þess að ekki er ljóst hve lengi hann muni vara og hver áhrif verði eftir að honum lýkur. Áhrif á rekstur félagsins hafa verið mikil og verða áfram og þá aðallega á starfsemiina í Food Station þar sem erfitt er að sjá fyrir um komu erlendra ferðamanna.

Félagið hefur brugðist við þessum aðstæðum meðal annars með því að nýta sér þau úrræði sem hafa staðið til boða af hálfu stjórnvalda s.s. hlutabótaleiðina og frystingu lána.

Með hliðsjón af aðgerðum ríkisstjórnarinnar og ágætri stöðu félagsins nú, telur stjórn, að félagið muni vera rekstrarhæft áfram, um fyrirsjáanlega framtíð.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar.

Skýrsla og áritun stjórnenda

Stjórn og kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 18. júní 2020

Stjórn félagsins:

Kaupfélagsstjóri:

Guðrún Sigurjónsdóttir
stjórnarformaður

Margrét Katrín Guðnadóttir

María G. Líndal
varaformaður

Haukur Júlíusson
meðstjórnandi

Eggert Kjartansson
ritari

Guðbrandur Guðbrandsson
meðstjórnandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Kaupfélagi Borgfirðinga svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Borgfirðinga svf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda* hér fyrir neðan. Við erum óháð Kaupfélagi Borgfirðinga svf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og verulega atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Borgarnesi, 18. júní 2020

Rýni endurskoðun ehf

Kristinn Kristjánsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Rekstrartekjur			
Sala		326.007.774	303.438.671
Húsaleiga		51.119.565	49.450.062
Söluhagnaður fjárfestingareigna		0	17.457.516
Matsbreyting fjárfestingareigna		41.082.075	(4.258.733)
		<u>418.290.316</u>	<u>366.087.516</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		239.087.007	225.958.838
Laun og launatengd gjöld	3	90.494.528	70.772.167
Annar rekstrarkostnaður		49.209.448	31.799.596
Afskriftir	6	3.672.988	2.148.605
		<u>382.463.971</u>	<u>330.679.206</u>
Rekstrarhagnaður		35.826.345	35.408.310
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	4	(52.958.292)	(46.274.564)
Tekjur (gjöld) af verðbréfum		42.312.825	44.523.640
		<u>(10.645.467)</u>	<u>(1.750.924)</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	7	(19.435.860)	(12.592.323)
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta		5.745.018	21.065.063
Tekjuskattur	8	2.448.295	(9.722.564)
Hagnaður (tap) ársins		<u>8.193.313</u>	<u>11.342.499</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýringar	2019	2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fjárfestingareignir	5	298.409.797	257.327.722
Fasteignir til eigin nota	6	90.952.911	81.739.322
Áhöld og tæki	6	49.743.910	6.591.990
		<u>439.106.618</u>	<u>345.659.034</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum	7	622.581.560	592.017.420
		<u>622.581.560</u>	<u>592.017.420</u>
Fastafjármunir samtals		1.061.688.178	937.676.454
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		75.000.000	58.000.000
Viðskiptakröfur	9	31.166.932	23.349.036
Kröfur á tengda aðila	12	0	12.351.453
Aðrar skammtímakröfur		9.477.058	9.963.812
Handbært fé		83.744	6.450.844
		<u>115.727.734</u>	<u>110.115.145</u>
Eignir samtals		<u>1.177.415.912</u>	<u>1.047.791.599</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2019	2018
Eigið fé	10		
Stofnsjóður og bundið eigið fé		11.481.075	11.182.303
Matsbreyting fjárfestingareigna		130.045.959	88.963.884
Óráðstafað eigið fé		242.765.781	275.654.543
		<u>384.292.815</u>	<u>375.800.730</u>
Skuldir			
Skuldbindingar :			
Tekjuskattsskuldbinding	8	<u>7.274.269</u>	<u>9.722.564</u>
		7.274.269	9.722.564
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	11	678.834.741	302.776.738
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		37.043.011	0
Viðskiptaskuldir		13.592.074	20.868.972
Skuldir við tengda aðila	12	8.113.443	0
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	11	29.112.523	323.485.230
Aðrar skammtímaskuldir		<u>19.153.036</u>	<u>15.137.365</u>
		107.014.087	359.491.567
Skuldir samtals		793.123.097	671.990.869
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.177.415.912</u>	<u>1.047.791.599</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Sjóðstreymi ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		8.193.313	11.342.499
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	3.672.988	2.148.605
Matsbreyting fjárfestingareigna		(41.082.075)	4.258.733
Aðrir liðir	14	25.696.067	15.308.618
		<u>(3.519.707)</u>	<u>33.058.455</u>
(Hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		5.020.311	(13.838.225)
Birgðir		(17.000.000)	(5.000.000)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		4.852.216	599.471
		<u>(7.127.473)</u>	<u>(18.238.754)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		(10.647.180)	14.819.701
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(56.038.497)	(30.141.473)
Seldar fjárfestingareignir		0	35.000.000
Keyptir eignarhlutar í öðrum félögum		(50.000.000)	(25.000.000)
		<u>(106.038.497)</u>	<u>(20.141.473)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting stofnsjóðs		0	(77.302)
Afborganir langtímalána		(26.724.434)	(22.064.547)
Ný langtímalán		100.000.000	20.000.000
Skammtímalán, breyting		37.043.011	0
		<u>110.318.577</u>	<u>(2.141.849)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(6.367.100)	(7.463.621)
Handbært fé í upphafi ársins		6.450.844	13.914.465
Handbært fé í lok árs		<u>83.744</u>	<u>6.450.844</u>
Aðrar upplýsingar um sjóðstreymi	14		

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Félagið annast hvers konar viðskipti og þjónustu fyrir félagi og aðra, sem og eflir atvinnu- og menningarlíf í héraðinu með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins.

Félagið er með eina verslunardeild sem sérhæfir sig í þjónustu við bændur. Þá er það þátttakandi á smásöllumarkaði í samstarfi við önnur samvinnufélög sem hluthafi í Samkaupum hf. Auk þessarar meginstarfsemi þá á félagið fasteignir í útleigu á félagssvæðinu í eigin nafni og sem eini hlutafjäreigandi í fasteignafélaginu Borgarlandi ehf. Þá á félagið minni eignarhluti í nokkrum fyrirtækjum.

Kaupfélag Borgfirðinga svf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Egilsholti 1, 310 Borgarnesi.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.2 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2020. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

2.3 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur flust yfir til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar samkvæmt áfangaaðferð.

2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfæignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

2.5 Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir félagsins eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið á fasteignum er stuðst við núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakraigna en áætlað tekjuflæði eignanna eru leigugreiðslur samkvæmt þeim leigusamningum sem eru í gildi fyrir næstu 19 árin. Áætlaður beinn kostnaður er dreginn frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa félaginu til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikning. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Skýringar

2.6 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna eins og hér segir:

Fasteignir	25-50 ár
Áhöld og tæki	5-10 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.7 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélagum. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarféлага er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er viðskiptavild. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

2.8 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO).

2.9 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

2.10 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða. Yfirdættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.11 Stofnsjóður og bundið fé

Stofnsjóður samanstandur af innborgunum og uppreikningi vaxta en bundið fé samanstandur af menningarsjóði. Stofnsjóðseigendur hafa rétt til vaxtagreiðslu en ekki annan rétt til eiginfjár KB en hlut sinn í stofnsjóði.

Skýringar

2.12 Tekjuskattsskuldbinding (-inneign)

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færast til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem eftir gildandi skattalögum, kæmi til greiðslu ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

2.13 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2019	2018
Laun	74.501.287	57.254.317
Launatengd gjöld	15.993.241	13.517.850
	<u>90.494.528</u>	<u>70.772.167</u>
Fjöldi ársverka	9	7,5

Laun og þóknarir til stjórnenda námu 16,8 milljónum króna á árinu.

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	Banka- reikningar	Langtíma- eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2019	Samtals 2018
Vaxtatekjur og verðbætur	17.849	0	1.553.377	1.571.226	1.312.835
Vaxtagjöld og verðbætur	(502.132)	(52.458.875)	(1.191.059)	(54.152.066)	(47.077.260)
Gengismunur	0	0	(377.452)	(377.452)	(510.139)
	<u>(484.283)</u>	<u>(52.458.875)</u>	<u>(15.134)</u>	<u>(52.958.292)</u>	<u>(46.274.564)</u>
Arður af hlutabréfum				42.312.825	44.523.640
				<u>42.312.825</u>	<u>44.523.640</u>

5. Fjárfestingareignir

	2019	2018
Bókfært verð 1/1	257.327.722	279.010.488
Bókfært verð seldra eigna	0	(17.424.033)
Matsbreyting fjárfestingareigna	41.082.075	(4.258.733)
Bókfært verð 31/12	<u>298.409.797</u>	<u>257.327.722</u>
Fjárfestingareignir félagsins í árslok 2019 voru eftirtaldar:		
	Fasteignamat	Brunabótamat
Garðagrund 1	28.380.000	96.800.000
Egilsholt 2	165.600.000	338.250.000
Egilsholt 2a	82.650.000	173.250.000
	<u>276.630.000</u>	<u>608.300.000</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Árslok 2018:			
Bókfært verð í ársbyrjun	56.735.480	3.721.415	60.456.895
Viðbót ársins	26.638.917	3.502.556	30.141.473
Bókfært verð seldra eigna	(118.451)	0	(118.451)
Afskriftir	(1.516.624)	(631.981)	(2.148.605)
Bókfært verð í árslok	<u>81.739.322</u>	<u>6.591.990</u>	<u>88.331.312</u>
Bókfært verð í árslok greinist þannig:			
Kostnaðarverð	92.361.229	11.927.306	104.288.535
Afskrifað samtals	(10.621.907)	(5.335.316)	(15.957.223)
Bókfært verð í árslok	<u>81.739.322</u>	<u>6.591.990</u>	<u>88.331.312</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Árslok 2019:			
Bókfært verð í ársbyrjun	81.739.322	6.591.990	88.331.312
Viðbót ársins	10.735.029	45.303.468	56.038.497
Afskriftir	(1.521.440)	(2.151.548)	(3.672.988)
Bókfært verð í árslok	90.952.911	49.743.910	140.696.821
 Bókfært verð í árslok greinist þannig:			
Kostnaðarverð	103.096.258	57.230.774	160.327.032
Afskrifað samtals	(12.143.347)	(7.486.864)	(19.630.211)
Bókfært verð í árslok	90.952.911	49.743.910	140.696.821

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignir félagsins í árslok 2019 voru eftirtaldar:	Fasteignamat	Brunabótamat
Hurðarbaksland, sláturhús	952.000	0
Egilsholt 1	81.950.000	153.600.000
	82.902.000	153.600.000

Áhöld og tæki eru vátryggð fyrir 12,3 milljónir króna.

7. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

Eignarhlutdeild	Borgarland ehf. Egilsholti 1 100,0%	Samtals
Hlutdeild 1/1	94.063.995	94.063.995
Hlutdeild í afkomu	(19.435.860)	(19.435.860)
Keypt á árinu	50.000.000	50.000.000
	124.628.135	124.628.135

Félagið þarf ekki að semja samstæðureikning þar samstæðan fer ekki fram úr stærðarmörkum samkvæmt 68. gr. laga um ársreikninga.

Eignarhlutar í öðrum félögum greinast þannig:	Nafnverð	Bókfært verð
Fóðurblandan hf.	16.479.970	96.875.904
Samkaup hf.	49.612.056	399.577.521
Eignarhlutir í öðrum félögum og sjóðum (samtals 6 félög)	2.245.256	1.500.000
	68.337.282	497.953.425
 Samtals eignarhlutir í félögum	145.837.282	622.581.560

Skýringar

8. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingar (-inneignar) á árinu greinast þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	9.722.564	
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	(3.422.889)	
Tekjuskattur til greiðslu 2020 vegna 2019	0	
	<u>6.299.675</u>	
Inneign færð niður vegna óvissu um nýtingu	974.594	
	<u>7.274.269</u>	

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:	Staða 1.1.	Staða 31.12.
Varanlegir rekstrarfjármunir	19.661.125	29.625.819
Viðskiptakröfur	(592.938)	(592.938)
Frestun gengismunar	(135.787)	(84.336)
Yfirfæranlegt tap	<u>(23.309.348)</u>	<u>(22.648.869)</u>
	(4.376.948)	6.299.675
Inneign færð niður vegna óvissu um nýtingu	<u>14.099.512</u>	<u>974.594</u>
	9.722.564	7.274.269

Þar sem óvissa ríkir um nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi er frestuð skattinneign ekki færð til eignar að fullu í efnahagsreikningi.

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2020 vegna skattalegs taps á árinu 2019. Yfirfæranlegt tap greinist þannig:

Tap ársins 2010, nýtanlegt til ársloka 2020	4.872.972
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	19.931.211
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	12.646.329
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	8.598.663
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	<u>67.195.172</u>
	113.244.347

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2019	2018
Hagnaður (tap) fyrir skatta	<u>5.745.018</u>	<u>21.065.063</u>
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skatthlutfall	1.149.004	4.213.013
Óskattskyldar tekjur	(4.575.393)	(6.386.263)
Varanlegir mismunir	3.500	3.420
Yfirfæranlegt tap fært niður vegna óvissu um nýtingu	974.594	11.892.395
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>(2.448.295)</u>	<u>9.722.564</u>

9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2019	2018
Viðskiptakröfur	34.131.623	26.313.727
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(2.964.691)</u>	<u>(2.964.691)</u>
Viðskiptakröfur, nettó	31.166.932	23.349.036

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar

10. Eigið fé

Stofnsjóður og bundið fé

Stofnsjóðseigendur eru 968 og hafa rétt til vaxtagreiðslu en ekki annan rétt til eiginfjár KB en hlut sinn í stofnsjóði. Stofnsjóðseigendur í upphafi árs voru 905.

Matsbreyting fjárfestingareigna

Á gangvirðisreikning er færður mismunur á markaðsverði og kostnaðarverði fjárfestingareigna að teknu tilliti til áhrifa tekjuskatts.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Bundinn hlutdeildarreikningur meðal eigin fjár inniheldur hlutdeild í uppsöfnuðum hagnaði dótturfélags sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félagi á undirritunardegi.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum	Stofnsjóður og bundið fé	Matsbreyting fjárfestingareigna	Bundinn hlutdeildarreikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Árslok 2018:					
Staða í ársbyrjun	10.903.847	89.754.025	4.014.253	259.507.650	364.179.775
Vextir til stofnsjóðs	355.758				355.758
Breyting stofnsjóðs	(77.302)				(77.302)
Hagnaður ársins	0	(790.141)	(4.014.253)	16.146.893	11.342.499
Staða í árslok	11.182.303	88.963.884	0	275.654.543	375.800.730

Stofnsjóður og bundið eigið fé greinist þannig:

Stofnsjóður félagsmanna	9.513.803
Menningarsjóður	1.668.500
	<u>11.182.303</u>

	Stofnsjóður og bundið fé	Matsbreyting fjárfestingareigna	Bundinn hlutdeildarreikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Árslok 2018:					
Staða í ársbyrjun	11.182.303	88.963.884	0	275.654.543	375.800.730
Vextir til stofnsjóðs	275.515				275.515
Breyting stofnsjóðs	23.257				23.257
Hagnaður (tap) ársins	0	41.082.075	0	(32.888.762)	8.193.313
Staða í árslok	11.481.075	130.045.959	0	242.765.781	384.292.815

Stofnsjóður og bundið eigið fé greinist þannig:

Stofnsjóður félagsmanna	9.812.575
Menningarsjóður	1.668.500
	<u>11.481.075</u>

Skýringar

11. Langtímaskuldir

Verðtryggð lán	310.863.931
Óverðtryggð lán	397.083.333
	<u>707.947.264</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok árs greinast þannig:

Árið 2020	29.112.523
Árið 2021	29.112.523
Árið 2022	379.112.523
Árið 2023	29.112.523
Árið 2024	29.112.523
Síðar	212.384.649
	<u>707.947.264</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 707.947.264 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda	29.112.523
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	678.834.741
	<u>707.947.264</u>

12. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2019	2018
Seld þjónusta og vörur	3.751.548	3.744.000
Keypt þjónusta	9.044.271	0
Kröfur á tengda aðila í árslok	0	12.351.453
Skuldir við tengda aðila í árslok	8.113.443	0

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipta við ótengda aðila.

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

13. Aðrar upplýsingar

Veðsetningar

Fasteignir og fjárfestingareignir félagsins, sem bókfærðar eru á 439,1 milljónir króna og hlutabréf sem bókfærð eru á 496,4 milljónir króna eru veðsett fyrir langtímaskuldum sem námu 722,2 milljónum króna á sama tíma. Þá eru birgðir og skammtímakröfur félagsins veðsettar viðskiptabanka þess fyrir allt að 115 milljónum króna.

Félagið er í ábyrgðum vegna skulda tengdra aðila sem námu að fjárhæð kr. 380 millj. í árslok 2019.

Vátryggingar

Vátryggingaverðmæti vörubirgða nam krónur 94,6 milljónir í árslok.

Skýringar

14. Sjóðstreymi

	2019	2018
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi samkvæmt sjóðstreymi greinast þannig:		
Söluhagnaður fjárfestingareigna	0	(17.457.516)
Verðbætur á langtímaskuldir/-kröfur	8.708.502	10.451.247
Aukning (lækkun) skattskuldbindingar	(2.448.295)	9.722.564
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	19.435.860	12.592.323
	<u>25.696.067</u>	<u>15.308.618</u>
 Innborganir (útgreiðslur) í sjóðstreymi greinast þannig:		
Greiddir vextir	(50.487.252)	(50.767.279)
Innborgaðar vaxtatekjur	1.924.814	1.787.879
Innborgaður arður	42.799.205	43.887.588